

# Eftirtektarvert sögubrot.

—o—

Kl. um 3 er eg vakinn, eins og svo oft vill verða. Eg hefi að eins sofið stutta stund, en mig svíjar ekki aftur, heldur ligg eg og safna þreytu. Og því þreyttari sem eg verð, því erfiðari eru hugsanirnar sem sækja á. Mér kemur stundum í hug, hvort manni sem bundinn væri í flæðiskeri, og sæi sjóinn nálgast, mundi ekki liða nokkuð svipað og þeim, sem langþindur er af því, að honum er varnað að sofa. Og sem eg ligg þarna, virðist mér svo leiðinlega ljóst, hvernig hinir ranglátu peningaörðugleikar, muni gera enda á verki mínu, en hitt sé eg ekki, hvernig bót verði á ráðin. Svo loksins, þegar klukkan er farin að ganga 7, fer að draga úr hinni merjandi þreytu, og hinn langþráði svefn nálgast. Áður en eg veit af, er eg sofnaður. Eg vakna við hljóð sem eg kannast vel við, það er vekjaraklukkan í húsi skamt frá, og hefir þetta samkallaða djöfulstól, margoft hlífsað frá mér svefninn, þegar hann loka-

Vísir 28. júní 1931

ins var fenginn, eftir erfiðar stundir. En að þessu sinni hafði eg fengið að sofa góða stund. Versta þreytan var horfin, og alt virtist nú auðveldara en áður. Eg fór að hugsa um, að hér væru margir góðir og gáfaðir drengir, sem hægt ættu með að hjálpa mér í vandræðum mínum, og það því fremur, sem eg hvorki þarf að biðja um að gefa mér neitt eða lána, en greiðinn þó samur fyrir því. Fyrir mörgum árunum eignaðist eg jörð, þar sem eg hafði fundið í landareigninni leifar af sjávardýri, lærra miklu en slíkt þektist áður á Suðurlandi, um 70 m. yfir sjávarmál. Hér er um að ræða einn af fegurstu blettunum á Suðurlandsundirlendinu, smáragrundir og grasgefnar brekkur, en klettur að baki. Nú geta menn hjálpað mér með því að kaupa þessa jörð; 4000 kr. er það sem eg þarf til knýjandi útgjalda, 400 kr. á mann, ef þeir verða 10, sem taka þetta að sér. Hygg eg að sá félags-

skapur mundi verða giftusam-  
legur, og þeir peningar gefa,  
þegar stundir liða fram, góða  
vexti. Og tapast geta þeir pen-  
ingar ekki, meðan grasgefið  
land og íslensk náttúrufegurð  
er nokkurs virði. Mér koma í  
hug þeir tímar, sem ekki eru  
langt undan, er íbúatala  
Reykjavíkur verður orðin 40  
þúsund, og komast má þarna  
austur á 2½ tíma, á hinum  
hættu vegum, að jörð þessi  
muni þá verða talin svo miklu  
meira virði en nú, að þeir sem  
nú leggja í þetta 400 kr., muni  
geta fengið aftur 1000. En ekki  
er með slíkum tilgátum verið  
að gera lítið úr drengskap  
þeirra manna sem myndu vilja  
hlaupa undir bagga með mér,  
og draga þannig úr töfum á  
verki, sem ekki er gott að sé ó-  
unnið. Ef slíkir menn eru, þá  
geri þeir svo vel að hringja til  
mín, helst inilli 1 og 2, og sem  
fyrst, því að þeir eru sumir,  
sem peningar þessir eiga að  
fara til, sem illa þola að biða.

26. júní.

Helgi Pjéturss.